



Reglur fyrir leikskóla í Bláskógabyggð

Gildissvið: Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Bláskógabyggðar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. Skólanefnd leggur áherslu á nægilegt rými til að veita öllum börnum á leikskólaaldri sem þess þurfa leikskólavist. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess skv. þjóðskrá og föst búseta sé í Bláskógabyggð. Börn sem hafa lögheimili í öðru sveitarfélagi fá ekki leikskólavist í Bláskógabyggð nema fyrir liggi staðfesting lögheimilissveitarfélags á greiðslu hluta þess í leikskólakostnaði. Ekki er beðið eftir formlegu dvalarleyfi áður en nemendur af erlendum uppruna hefja skólagöngu, sé laust pláss á leikskóla, heldur er nægjanlegt að umsóknarferli sé hafið.
2. Börnum er úthlutað leikskólapláss eftir kennitölu, þeim elstu fyrst, miðað við stöðu umsókna þann 1. maí. Tekið er við 12 mánaða gömlum börnum og eldri í leikskólum Bláskógabyggðar. Berist umsókn um leikskólavist fyrir yngra barn er sú umsókn metin útfrá aðstæðum hverju sinni.
Unnt er að sækja um forgang að leikskólum Bláskógabyggðar vegna:
 - a. Barna starfsfólks leik- og grunnskóla sveitarfélagsins
 - b. Barna sem eru orðin 4-5 ára.
 - c. Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik.
 - d. Barna sem búa við erfiðleika í félagslegu umhverfi og þurfa forgang að mati velferðarþjónustu.
 - e. Barna einstæðra foreldra.
3. Sótt er um leikskólavist á eyðublaði sem leikskólarnir láta í té eða í Karellen leikskólakerfinu. Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu. Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning.
4. Litið er á sveitarfélagið allt sem eitt svæði hvað varðar leikskólavist. Foreldrar geta þannig sótt um skólavist fyrir börn sín í hvorum leikskólanum sem er, óháð því hvar þeir búa í sveitarfélaginu. Foreldrar geta sótt um flutning á milli leikskóla. Eftir að sótt er um flutning er farið eftir innritunarreglum, sbr. 2. gr. reglna þessara.
5. Tvisvar á hverju skólaári er hægt að óska eftir breytingum á vistun. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða er hægt að óska eftir breytingum oftar. Óski foreldrar eftir breytingu á vistun barna sinna eða að segja upp vist skal gera það skriflega fyrir 15. hvers mánaðar og skal uppsögn eða beiðni um breytingar berast leikskólastjóra. Breytingar taka gildi um mánaðarmót.



6. Leikskólar eru opnir virka daga frá kl. 08:00 – 16:00 nema á föstudögum, en þá er opið frá kl. 08:00 til kl. 14:00. Hægt er að kaupa þjónustu frá kl. 14:00 til kl. 16:00 á föstudögum en skrá þarf barn sérstaklega og greiða fyrir þjónustuna. Afslættir skv. 11. gr. reglna þessara eru ekki veittir af gjaldi fyrir skráningu eftir kl 14 á föstudögum. Skráningu lýkur á fimmtudagskvöldi vikuna á undan, þ.e. rúmri viku áður en nýta skal þjónustuna.

Hægt er að óska eftir sveigjanlegri vistun fyrir börn. Sveigjanleikinn getur verið hluta úr degi eða fleiri dögum í viku, en alltaf fastir dagar. Vistun getur verið fjóra daga vikunnar, en skemmst fjórir tímar á dag. Semja skal um vistunartíma við hvorn leikskóla fyrir sig í dvalarsamningi skv. 3. gr. reglnanna.

7. Bláskógabyggð greiðir stærstan hluta kostnaðar við rekstur leikskóla. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svonefnt grunngjald. Fjárhæð grunngjalds á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá leikskóla Bláskógabyggðar eins og hún er birt á heimasíðunni www.blaskogabyggd.is. Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu gjalda fyrir leikskóladvöl skv. gjaldskrá.
8. Leikskólar eru lokaðir vegna sumarleyfa sex vikur á hverju sumri og er ekki innheimt gjald fyrir börnin þann tíma. Foreldrar geta sótt um allt að 4 vikna leyfi til viðbótar fyrir börn sín og greiða þá aðeins hálf grunngjald á meðan. Heildarsumarleyfið skal vera samfelld. Leikskólar eru lokaðir frá og með 23. desember til og með 1. janúar og er ekki innheimt gjald fyrir börnin þann tíma.
9. Sérstakir skráningardagar eru skilgreindir fyrir leikskóla Bláskógabyggðar í skóladagatali. Skrá þarf börn sérstaklega og greiða fyrir þjónustu þá daga skv. gjaldskrá. Afslættir skv. 11. gr. reglna þessara eru ekki veittir af gjaldi fyrir skráningardaga. Skráning skal fara fram þremur vikum áður en þjónustan skal veitt. Skráningardagar eru í haust- og vetrarfríi grunnskóla og dymbilvik. Skráningardagar verða tilgreindir í skóladagatölum leikskóla fyrir hvert skólaár.
10. Ekki er innheimt dvalargjald ef skerða þarf vistun barns um heilan dag vegna faliðunar. Ekki er innheimt dvalargjald vegna þeirra daga sem leikskólar eru lokaðir umfram hefðbundna frídaga í jólafríi skv. skóladagatali. Ekki er veittur afsláttur eða niðurfelling gjalda vegna annarra leyfa eða lokana, t.d. vegna óveðurs, eða skipulags- og námskeiðsdaga.
11. Ný gjaldskrá tekur gildi í upphafi árs. Afslættir frá gjaldskrá eru eftirfarandi:
Systkinaafslættir:
Systkinaafsláttur með 2. barni: 50%
Systkinaafsláttur með 3. barni: 75%
Sérstakir afslættir:
a. Einstæðir foreldrar skv. þjóðskrá (1. og 2. barn): 50%
b. Öryrkjar (75% eða meira): 50%



- c. Annað foreldri í námi: 25%
- d. Starfsfólk leikskóla Bláskógabyggðar í 50% starfshlutfalli eða meira: 10%.

Afsláttur skv. þessum reglum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem hefur sama lögheimili skv. þjóðskrá og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur skv. þessum reglum er ekki veittur afturvirkur. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Námsmannaafsláttur miðast við að námið sé lánshæft skv. viðmiðunarreglum Menntasjóðs námsmanna, eða um sé að ræða fullt nám á framhaldsskólastigi. Skólavottorð berist leikskólastjóra í janúar og september ár hvert.

Tilkynningum um breytingar á hjúskaparstöðu skal skila til leikskólastjóra þegar breyting hefur verið skráð í þjóðskrá.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

Ekki er hægt að fá bæði systkinaafslátt og sérstakan afslátt vegna sama barns.

12. Aukagjald er innheimt ef dvöl fer framyfir umsaminn vistunartíma. Gjaldið reiknast fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur og er ákveðið í gjaldskrá leikskóla. Afslættir reiknast ekki af gjaldinu.

13. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram, gjöld fyrir skráningardaga og skráningu á föstudögum eru þó innheimt eftir. Gjaldldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 20 dögum síðar.

Séu leikskólagjöld ógreidd 10 dögum eftir eindaga fær greiðandi senda ítrekun frá banka. Hafi krafa ekki verið greidd 60 dögum eftir eindaga fær greiðandi senda innheimtuviðvörðun frá innheimtufyrirtæki.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé greitt eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

Bláskógabyggð áskilur sér rétt til að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðarmót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólapláss í tvo mánuði, án samráðs við leikskólastjóra, er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

14. Leikskólar Bláskógabyggðar starfa skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir Bláskógabyggðar um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir um gjalddöku fyrir barn á leikskólar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Aðila máls er heimilt að kæra til innanríkisráðuneytis þær ákvarðanir Bláskógabyggðar er



kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kærufrestir eru þrír mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Reglur þessar eru samþykktar af sveitarstjórn Bláskógabyggðar

þann 15.10.2025